



Alþingi  
Erindi nr. P 135/255  
komudagur 20.11.2007

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. nóvember 2007

0711339SA GB/gk  
Tilv.: 236

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um íslenska táknmálið og frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna íslenska táknmálsins.

Beiðni um umsögn barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga með bréfi dags. 6. nóvember 2007.

Í frumvarpi til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra er gert ráð fyrir að réttindi þessara hópa verði eflað með því að viðurkenna táknmálið og gera það jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform manna í millum. Í 1. gr. frumvarpsins kemur fram að íslenska ríkið skuli tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert. Jafnframt er gert ráð fyrir að íslenska ríkið skuli efla menntun táknmálstúlka og styðja sérstaklega við kennslu í táknmálsfræði og táknmálstúlkun. Þá skal íslenska ríkið leitast við að fullnægja eftirspurn eftir táknmálsþjónustu hverju sinni.


Í frumvarpinu, sem og í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, er lagt til að lögfest verði ýmis ákvæði sem geta leitt til mikils kostnaðar fyrir ríki og sveitarfélög. Einnig er vafasamt að þekking á íslenska táknmálinu sé nægilega útbreidd til að unnt verði að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til opinberra aðila í einstökum ákvæðum frumvarpsins.

Sambandið bendir sérstaklega á 15. gr. síðarnefnda frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að barn sem notar íslenska táknmálið skuli njóta handleiðslu leikskólakennara sem hefur fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu og menningarfræði heyrnarlausra. Í 16. gr. sama frumvarps er gert ráð fyrir að sambærilegar skyldur verði lagðar á grunnskólann auk þess sem tryggja ber að kennarar og annað starfslið hafi fullnægjandi kunnáttu í íslenska táknmálinu.

Samband íslenskra sveitarfélaga getur um margt tekið undir þau markmið sem fram koma í frumvörpunum um mikilvægi þess að efla réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Sambandið leggur hins vegar áherslu á að aflað verði upplýsinga um möguleg áhrif frumvarpanna fyrir ríki og sveitarfélög áður en það verður lögfest. Jafnframt þurfa að liggja fyrir upplýsingar um útbreiðslu íslenska táknmálsins þannig að ljóst sé hvort þær tillögur sem fram koma í frumvörpunum eru raunhæfar við núverandi aðstæður.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræðisviðs